

Nd.

**498. Frumvarp**

til laga um breyting á 20. og 29. grein laga nr. 22, 8. okt. 1883, um  
bæjarstjórn á Akureyri.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjö menn skulu framvegis eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins.

2. gr.

Endurskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins skulu vera tveir. Auk reiknings bæjarsjóðsins skal þeim og skylt að endurskoða alla reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.